

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (reglugerð EB Nr. 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:

Protex Tip Dip

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Suðufeiti.
Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirleggjandi.

1.3 Söluaðili:

Landvélar
Smiðjuvegi 66
200 Kópavogur

Framleiðandi:

Arcair Inc.
2800 Airport Road
76207, Denton, USA
00-1-940-381-1323

Sími:

580 5800

Netfang:

landvelar@landvelar.is

Veffang:

www.landvelar.iswww.victortechnologies.com/arcair/

1.4 Neyðarsímanúmer:

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Varan hefur ekki verið flokkuð sem hættuleg.

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki

Ekki er krafist merkingar á vörunni.

Viðvörðunarorð

Ekkert.

Hættusetningar

Engar.

Varnaðarsetningar

P102

Geymist þar sem börn ná ekki til

2.3 Aðrar hættur:

Sjá einnig 11. og 15. lið.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni:

Á ekki við

3.2 Blöndur:

Vaselín			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	100,0
Raðnúmer	649-254-00-X	Varnaðarmerki:	T
EINECS, ELINECS	232-373-2	H-setningar	H45
CAS	8009-03-8	Flokkun, hættumerking	Eitrað
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Krabb.1B - H350			

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Innöndun	Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Tryggið ferskt loft. Leitið lækni verði vart við einkenni.
Snerting við húð	Hreinsið húð vandlega með vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni verði vart við einkenni.
Snerting við augu	Skolið varlega með miklu vatni í 15 mín. og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun.
Inntaka	Framkallið ekki uppköst nema að læknisráði.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður:	Koldíoxíð, slökkviduft, alkóhólþolin froða, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða. Veljið slökkviefni eftir aðstæðum hverju sinni.
Óhentugur slökkvibúnaður:	Beinn vatnsgeisli.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Kolmónoxíð, koldíoxíð, eitraðar gufur. Varan getur orðið brennanleg við hátt hitastig.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Aðrar ráðstafanir eru óþarfar að jafnaði.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Forðist losun í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Tryggið góða loftræstingu. Notið óbrennanleg ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg. Einnig má moka eða skrapa efnið upp með handverkfærum. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá lið 7. um meðhöndlun, lið 8. um persónuhlífar og lið 13. um förgun.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Fjarlægið hita-, eld- og neistagjafa. Forðist að varan verði fyrir höggum og núningi.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið á köldum og þurrum stað í vel luktum upprunalegum umbúðum.

7.3 Sértæk, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2.

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Hafið augnskol tiltækt á vinnusvæði.

Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði.

Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörinni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Augnhlífar

Að jafnaði er ekki þörf á augnhlífum.

Húð - hendur

Notið hanska.

Húð - annað

Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar.

Öndunarfæri

Að jafnaði er ekki þörf á öndunarhlífum.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:

Feiti

Litur:

Blár

Lykt:

Engin

Bræðslumark:

38°C

Eðlismassi (25°C):

0,82-0,87 g/cm³

Leysni:

Óleysanlegt í vatni, leysanlegt í díetýl eter

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin þekkt.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Kolmónoxíð, koldíoxíð, eitraðar gufur við bruna.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturhrif:

Engin þekkt.

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif:

Varan er talin hættulaus umhverfinu.

12.2 Þrávirkni og niðurbrot:

Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

12.3 Uppsöfnun í lífverum:

Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

12.4 Dreifanleiki í jarðvegi:

Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

12.5 PBT/VPvB:

Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara	Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega.
Óhreinar umbúðir	Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Hreinsa má óhreinar umbúðir með vatni.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
IMDG:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
IATA:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP).

15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H350 Getur valdið krabbameini

Útgáfa/Dags: 2/8.9.2016

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

ARCAIR INC.
SAFETY DATA SHEET
PROTEX TIP DIP ANTI-SPATTER

Útgáfa:

30.3.2016